

# Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

## Kennsluáætlun

**Námsgrein:** Enska

**Bekkur/hópur:** 7. Bekkur

**Kennari:** Kristín Ólöf Þórarinsdóttir

**Ársáætlun 2023-2024**

### Helstu námsbækur og gögn:

- Yes we can 6, grunnbók og vinnubók
- Enskar málfræðiæfingar C
- Efni frá kennara

### Hæfniviðmið

Hlustun

- skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt,
- skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum,
- fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni,
- fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta

Lesskilningur

- lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum,
- skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum,
- lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.

Samskipti

- haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum,
- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst,
- skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu,
- tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

Frásögn

- í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum
- sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt
- endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.
- flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.

#### Ritun

- skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki,
- skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista,
- lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi,
- samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.

#### Menningarläsi

- sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu
- sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjörðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða,
- sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra,
- sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

#### Námshæfni

- sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf,
- beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki,
- beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur,
- tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu,
- tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja,
- nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

#### Yfirferðaráætlun

##### Kafli 1: Together again Vika 34 - 38 ágúst - september

Í kaflanum er veitt innsýn í skóladag nokkurra enskumælandi nemenda. Þeir segja frá skóladögum og venjum sem tengist skólamenningu þeirra. Umfjöllunin gefur íslenskum nemendum tækifæri til að bera saman eigin aðstæður við enskumælandi nemenda. Einnig er fjallað um það sem nemendur dreymir um að gera í framtíðinni. Því tengdu er meðal annars úrdráttur úr *The Donut Diaries of Dermot Milliga*. Í málfræðihluta kaflans er lögð áhersla á nútíð og þátíð sagna.

##### Kafli 2: Vika 39 - 43 september - október

Me, Myself and I Vika 39 - 43 Er kafli sem býður upp á tal og ritun um fjölskylduna og helstu athafnir hennar. Nemendur lesa einnig lengri texta um upplifun drengs á neðanjarðarleystastöð í London. Þá fá þeir tækifæri til að vinna með tungumálið í þremur mismunandi ljóðum. My family er texti um drenginn

James og fjölskyldu hans. Sagt er frá systkinatengslum, mismunandi fjölskyldumunstri, áhugamálum og húsnæði, sem á að gera nemendur færa um að geta talað um þessi efni. Síðan er fjallað um frítíma með fjölskyldunni og í kaflanum er lögð áhersla á að lýsa fjölskyldumeðlimum. Í málfræðihluta kaflans er lögð áhersla á persónufornöfn ásamt spurningum með Can

### **Kafli 3 Vika 45 - 50 október - desember**

Our Mysterious world Vika 45 - 50 Veitir nemendum innsýn í nokkra dulafulla atburði. Sumir tengjast náttúrinni og aðrir atburðum, sjónvarpsefni eða ótrúlegum frásögnum. Fremst í kaflanum lesa nemendur texta um t.d. the Loch Ness monster, Stone Henge og Area 51. Því næst er frásögn um hinn skoska Cameron sem er viss um að hann hafi lifað á eyjunni Barra í fyrra lífi. Þá koma tvær ótrúlegar frásagnir The lost Girl og Count Dracula. Kaflinn endar á þremur textum um óskiljanleg náttúrufyrirbæri í Bandaríkjunum og Ástralíu. Í málfræðihluta kaflans er lögð áhersla á Is there...? Og Are there...?

### **Kafli 4: Time off Vika 1 - 6 janúar - febrúar**

Kaflinn býður upp á tal og ritun um það sem nemendur gera í frítíma sínum og hvaða heimilisstörfum þeir taka þátt í. Hér er áhersla lögð á hvaða þýðingu peningar hafa fyrir nemendur og hverjir eru kostir og gallar tölvuleikja. Loks eru í kaflanum nokkrir stuttir textar um sjálfböðavinnu, mataruppskrift og ljóðið Don't Know What to Do To day eftir Kenn Nesbitt. Stuttir útdrættir eru úr bókum David Wallims, Billionaire Boy og Jeff Kinneys, Wimpey Kid. Í málfræðihluta kaflans er lögð áhersla á nútíð og þátíð sagna.

### **Kafli 5: Four Takes on the UK Vika 9 -13 febrúar - mars**

Í þessum kafla kynnast nemendur löndunum 4 í Bretlandi ásamt nokkrum kvikmyndum og kvikmyndatökustöðum. Fyrst vinna nemendur lítillega með staðreyndir um hvert land en síðan er áhersla lögð á mismunandi kvikmyndategundir og kvikmyndatökustaði. Nemendur hafa oft áhuga á kvikmyndum og þemað hentar vel til samtals um ýmsar tegundir kvikmynda og uppáhalds kvikmyndir nemenda. Vel má hugsa sér að að vinna áfram með Bretland ekki eingöngu út frá kvikmyndum en einnig út frá náttúru, menningu og sögu landanna. Í málfræðihluta kaflans er lögð áhersla á Have you got...?

### **Kafli 6: Take It to the Extreme Vika 14 - 20 apríl - maí**

Kaflinn inniheldur nokkra texta sem fjalla um öfgafullt efni. Á fyrstu síðunum er fjallað um met sem hafa verið sett og lesa má um í The Guinness Book of Records. Í framhaldinu er fjallað um ýmsar tegundir áhættuþróttar og ungt fólk sem tekist hefur á við þær áskoranir sem fylgja þeim. Tilvalið er að vinna frekar með áhættuþróttir og met sem tengjast þeim. Í málfræðihluta kaflans er lögð áhersla á stigbreytingu lýsingarorða.

#### **Námsmat:**

Verkefni og vinna tengd hæfniviðmiðum metin jafnt og þétt yfir skólaárið.

Leiðsagnarmat þar sem nemandi fær stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um það hvernig hann geti bætt sig.

Frammistöðumat þar sem konnuð er hæfni nemenda til að beita þekkingu sinni og leikni.

Einkunn er gefin sem umsögn og/eða bókstafur um áramót og í lok skólaárs.

Lykilhæfni: sjá má lykilhæfni sem metin er á heimasíðu Grunnskóla Húnaþings vestra  
<https://grunnskoli.hunathing.is/static/files/lykilhaefni-vidmid-bara-toflur-.docx.pdf>